

Hafnarsjóður Þorlákshafnar  
Ársreikningur  
2014

Hafnarsjóður Þorlákshafnar  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn  
Kt. 420190-1909

# Efnisyfirlit

---

<b>Efnisyfirlit</b>	
Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðra endurskoðenda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-11
Sundurliðanir.....	12-14

# Skýrsla hafnarstjórnar og hafnarstjóra

---

Ársreikningur Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Rekstur hafnarinnar var með líku sniði og verið hefur undanfarin ár en rekstrartekjur hafnarinnar jukust umtalsvert á milli ára sem bæði stafar af hækkuðu fiskverði svo og aukinni umferð bæði fiskiskipa og vöruflutningaskipa um höfnina á árinu. Tekjur af aflagjöldum og vörugjöldum urðu um 69,5 milljónir króna en í fjárhagsáætlun ársins 2014 var gert ráð fyrir tekjum af þessum liðum upp á tæpar 58 milljónir króna. Þá voru tekjur af komum Herjólfis mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir eða um 3,7 milljónir króna vegna mikilla frátafa í Landeyjahöfn.

Landaður afli var um 15.600 tonn sem er umtalsverð aukning frá fyrra ári, þar af um 12.500 tonn af bolfiski og rúmlega 2.250 tonn af makríl. Þá var landað um 590 tonnum af humri á árinu sem er töluverð aukning frá fyrra ári en fram að þessu hefur stöðugt dregið úr löndun humarafla á síðustu árum. Vöruflutningar um höfnina voru með svipuðum hætti og fyrr ári en stærstu vöruflokkarnir sem fóru um höfnina voru vikur og áburður.

Unnið var að venjubundnu viðhaldi svo sem verið hefur á síðustu árum og voru settar 6 milljónir króna í viðhald á hafnarsvæðinu. Framkvæmdir voru þær helstar að unnið var að lokafrágangi á flotbryggjum í smábátahöfn og fríhóltum á bryggjum. Þá hófst einnig undirbúningur og hönnun fyrirhugaðra hafnarframkvæmda en áætlað er að vinna að stækkun og frekari úrbótum á hafnarmannvirkjum á næstu árum.

Rekstrartekjur hafnarinnar á árinu 2014 voru 125,7 milljónir króna og rekstrargjöld um 101,8 milljónir króna. Fjármunatekjur voru um 4,1 milljón króna og fjármagnsgjöld um 2,4 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins var því jákvæð um 25,6 milljónir króna.

Hafnarstjón Þorlákshafnar og hafnarstjóri staðfesta hér með ársreikning Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2014 með undirskrift sinni.

Þorlákshöfn, 30. apríl 2015

## Hafnarstjórn

Sveinn Steinarsson  
Stjórnarformaður

Jón Páll Kristófersson

Gestur Þór Kristjánsson

Þórarinn Gylfason

Guðmundur Oddgeirsson

## Hafnarstjóri

Hjörtur Jónsson

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til hafnarstjórnar Þorlákshafnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu hafnarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er að völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Hafnarsjóðs sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hafnarsjóðs Þorlákshafnar á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. apríl 2015

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir

löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	Fjárhags- áætlun	2013
<b>Rekstrartekjur</b>				
Hafnargjöld.....		94.968.792	77.320.000	75.369.980
Önnur seld þjónusta.....		30.152.102	30.330.000	30.029.759
Aðrar tekjur.....		561.979	0	320.000
		<u>125.682.873</u>	<u>107.650.000</u>	<u>105.719.739</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	3	44.608.471	42.205.000	37.848.335
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....		1.847.252	1.450.000	43.749
Rekstur hafnarmannvirkja.....		15.000.307	16.185.000	19.489.778
Rekstur hafnsögubáts.....		3.088.962	4.510.000	5.776.278
Rekstur hafnarhúss.....		1.261.772	1.870.000	1.384.578
Rekstur bifreiðar.....		522.016	580.000	639.447
Rafmagn og vatn til endursölu.....		3.651.469	6.365.000	4.450.268
Annar rekstrarkostnaður.....		8.695.820	11.110.000	12.511.698
Afskriftir.....	5	23.121.345	21.082.000	20.980.252
		<u>101.797.414</u>	<u>105.357.000</u>	<u>103.124.383</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		23.885.459	2.293.000	2.595.356
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>				
Fjármunatekjur.....	4	4.109.624	2.806.000	3.454.585
Fjármagnsgjöld.....	4	(2.349.728)	(3.687.000)	(3.721.643)
		<u>1.759.896</u>	<u>(881.000)</u>	<u>(267.058)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u><u>25.645.355</u></u>	<u><u>1.412.000</u></u>	<u><u>2.328.298</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
<b>Fastafjármunir</b>			
Hafnarmannvirki.....	5	273.297.224	289.999.476
Fasteignir.....	5	56.770.247	58.572.374
Áhöld og tæki.....	5	13.826.383	15.136.470
Eignarhlutir í félögum.....	6	745.891	745.891
		<u>344.639.745</u>	<u>364.454.211</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur.....	7	14.134.208	8.945.290
Aðrar skammtímakröfur.....	7	5.191.777	5.122.391
Handbært fé.....	7	152.348.393	104.932.603
		<u>171.674.378</u>	<u>119.000.284</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>516.314.123</u></u>	<u><u>483.454.495</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé.....	8	436.879.945	411.234.590
		<u>436.879.945</u>	<u>411.234.590</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir í íslenskum krónum.....	9	33.235.770	37.957.279
Lífeyrisskuldbinding.....	10	21.033.575	20.255.780
		<u>54.269.345</u>	<u>58.213.059</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....	11	3.382.351	2.765.901
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	11	5.113.196	5.060.968
Skuldir við tengd félög.....		10.912.739	2.481.660
Aðrar skammtímaskuldir.....	11	5.756.547	3.698.317
		<u>25.164.833</u>	<u>14.006.846</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>79.434.178</u></u>	<u><u>72.219.905</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>516.314.123</u></u>	<u><u>483.454.495</u></u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Hreint veltufé frá rekstri:</i>			
Rekstarniðurstaða ársins.....		25.645.355	2.328.298
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</i>			
Afskriftir.....	5	23.121.345	20.980.252
Verðbætur.....		419.622	1.588.613
(Lækkun), hækkun lífeyrisskuldbindingar.....		777.795	(1.337.217)
		<u>49.964.117</u>	<u>23.559.946</u>
<i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</i>			
(Hækkun), lækkun rekstartengdra eigna.....		(5.258.304)	(498.346)
Hækkun, (lækkun) rekstartengdra skulda.....		2.674.680	619.425
		<u>(2.583.624)</u>	<u>121.079</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		47.380.493	23.681.025
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....	5	(3.306.879)	(6.133.046)
Hækkun (lækkun) á kröfum á tengd félög.....		8.431.079	(1.010.442)
		<u>5.124.200</u>	<u>(7.143.488)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda.....		(5.088.903)	(4.953.483)
		<u>(5.088.903)</u>	<u>(4.953.483)</u>
<b>Hækkun handbærs fjár</b>		47.415.790	11.584.054
Handbært fé í ársbyrjun.....		104.932.603	93.348.549
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>152.348.393</u></u>	<u><u>104.932.603</u></u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Hafnarsjóður Þorlákshafnar er B hluta fyrirtæki í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss. Meginstarfsemi Hafnarsjóðsins er þjónusta við fiski- og flutningaskip í Þorlákshöfn. Bryggjukantar eru um 1.200 metrar og er dýpi í innsiglingu 8 metrar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við settar reikningsskilareglur á Íslandi, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum Hafnarsjóðs Þorlákshafnar.

### Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru tekjufærðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast Hafnarsjóði og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að Hafnarsjóður verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Hafnarsjóðs er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting skuldarinnar er annars vegar afborgun af skuldbindingunni og hins vegar breyting til hækkunar eða lækkunar sem farið er með í gegnum rekstrarreikning.

## Skýringar

### 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2014	2013
Laun.....	34.148.791	29.503.476
Lífeyrissjóður.....	4.429.177	3.910.297
Önnur launatengd gjöld.....	4.279.443	3.372.999
Annar starfsmannakostnaður.....	1.751.060	1.061.563
	<u>44.608.471</u>	<u>37.848.335</u>
Stöðugildi.....	4	4

### 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2014	2013
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur.....	4.098.211	3.454.585
	11.413	0
	<u>4.109.624</u>	<u>3.454.585</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Verðbætur.....	419.622	1.588.613
Vaxtagjöld.....	1.930.106	2.133.030
	<u>2.349.728</u>	<u>3.721.643</u>

### 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Hafnar- mannvirki	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun.....	490.353.992	77.848.711	27.000.495	595.203.198
Eignfært á árinu.....	3.306.879	0	0	3.306.879
Selt á árinu.....	0	0	0	0
Staða í árslok.....	<u>493.660.871</u>	<u>77.848.711</u>	<u>27.000.495</u>	<u>598.510.077</u>
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun.....	200.354.516	19.276.338	11.864.024	231.494.878
Afskrift ársins.....	20.009.131	1.802.127	1.310.087	23.121.345
Selt á árinu.....	0	0	0	0
Staða í árslok.....	<u>220.363.647</u>	<u>21.078.465</u>	<u>13.174.111</u>	<u>254.616.223</u>
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun.....	289.999.476	58.572.374	15.136.470	363.708.320
Bókfært verð í árslok.....	273.297.224	56.770.247	13.826.383	343.893.854
Afskriftarhlutfall.....	4%	2-5%	4-15%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna Hafnarsjóðs í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir.....	23.340.000	66.300.000	56.770.247
Hafnarmannvirki.....	0	4.114.717.000	273.297.224
	<u>23.340.000</u>	<u>4.181.017.000</u>	<u>330.067.471</u>

## Skýringar

### 6. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2014	31.12.2013
Eignarhluti í Ísfélagi Þorlákshafnar.....	745.891	745.891
	<u>745.891</u>	<u>745.891</u>

### 7. Aðrar peningalegar eignir

#### Viðskiptakröfur og óinnheimtar tekjur

	31.12.2014	31.12.2013
Óinnheimtar tekjur.....	14.688.447	9.251.994
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast.....	(554.239)	(306.704)
	<u>14.134.208</u>	<u>8.945.290</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2014	31.12.2013
Staða í ársbyrjun.....	306.704	902.016
Endanlega afskrifaður kröfur.....	(46.935)	(1.257.900)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu.....	294.470	662.588
Staða í árslok.....	<u>554.239</u>	<u>306.704</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

#### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Áfallnir vextir.....	270.104	492.697
Aðrar kröfur.....	4.921.673	4.629.694
	<u>5.191.777</u>	<u>5.122.391</u>

#### Handbært fé

Handbært fé hafnarsjóðs samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2014	31.12.2013
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum.....	152.348.393	104.932.603
	<u>152.348.393</u>	<u>104.932.603</u>

### 8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2013.....	408.906.292
Rekstrarniðurstaða ársins 2013.....	2.328.298
Eigið fé 1.1.2014.....	411.234.590
Rekstrarniðurstaða ársins 2014.....	25.645.355
Eigið fé 31.12.2014.....	<u>436.879.945</u>

## Skýringar

### 9. Langtímaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Skuldir í íslenskum krónum við lánastofnanir.....	<u>38.348.966</u>	<u>43.018.247</u>
	38.348.966	43.018.247
Næsta árs afborganir.....	(5.113.196)	(5.060.968)
Langtímaskuldir í árslok.....	<u>33.235.770</u>	<u>37.957.279</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

Næsta árs afborganir.....	5.113.196
Afborganir 2016.....	5.113.196
Afborganir 2017.....	5.113.196
Afborganir 2018.....	5.113.196
Afborganir 2019.....	5.113.196
Afborganir síðar.....	12.782.986
	<u>38.348.966</u>

### 10. Lífeyrisskuldbinding

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn sjóðsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 21,0 milljónum króna og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfam launahækkunar. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er tæpar 780 þúsundir króna. Gjaldfærsla ársins í rekstrarreikningi nemur um 1,8 milljónum króna.

### 11. Aðrar peningalegar skuldir

#### Viðskiptaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptaskuldir.....	<u>3.382.351</u>	<u>2.765.901</u>
	3.382.351	2.765.901

#### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Virðisaukaskattur.....	3.544.158	1.870.812
Ógreiddir, áfallnir vextir.....	607.192	675.446
Ógreitt, áfallið orlof.....	1.605.197	1.152.059
	<u>5.756.547</u>	<u>3.698.317</u>

#### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2014	31.12.2013
Skuldir við lánastofnanir.....	<u>5.113.196</u>	<u>5.060.968</u>
	5.113.196	5.060.968

## Sundurliðanir

	2014	2013
<b>Hafnargjöld</b>		
Lestargjöld.....	2.759.679	2.407.655
Bryggjugjöld.....	7.985.661	7.556.873
Aflagjöld.....	49.916.853	36.398.539
Vörugjöld.....	19.587.154	14.055.716
Hafnargjöld.....	14.376.312	14.982.032
Afskriftir þjónstutækna.....	(147.235)	(397.552)
Þjónustutekjur.....	490.368	366.717
	<u>94.968.792</u>	<u>75.369.980</u>
<b>Önnur seld þjónusta</b>		
Tengigjöld.....	323.960	343.200
Vogargjöld.....	3.426.051	2.988.777
Festargjöld.....	1.414.890	1.225.290
Sorpgjald.....	1.749.191	1.511.283
Hafnsögugjald.....	3.454.044	2.732.534
Hafnarbakkaleiga.....	1.149.585	1.244.640
Kranaleiga.....	450.736	406.980
Þjónusta lóðsbáts.....	6.867.451	6.809.345
Selt rafmagn og vatn.....	7.347.038	8.531.449
Hafnaverndargjald.....	951.160	760.375
Vinna verkamanna.....	3.165.231	3.740.922
Afskriftir þjónustutækna.....	(147.235)	(265.036)
	<u>30.152.102</u>	<u>30.029.759</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		
Þátttökugjöld.....	270.000	320.000
Endurgreiðslur frá ríkissjóði.....	291.979	0
	<u>561.979</u>	<u>320.000</u>
<b>Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun.....	34.148.791	29.503.476
Lífeyrissjóður.....	4.429.177	3.910.297
Launatengd gjöld.....	3.826.305	3.291.107
Launþegatrygging.....	110.588	183.019
Áfallið orlof.....	453.138	81.892
Dagpeningar.....	0	(133.650)
Bifreiðastyrkir.....	1.640.472	994.800
Annar starfsmannakostnaður.....	0	17.394
	<u>44.608.471</u>	<u>37.848.335</u>

## Sundurliðanir

	2014	2013
<b>Breyting lífeyrisskuldbindingar</b>		
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	1.847.252	43.749
	<u>1.847.252</u>	<u>43.749</u>
<b>Rekstur hafnarmannvirkja</b>		
Viðhald hafnargarða og vita.....	7.750.037	12.697.997
Dýpkun.....	382.676	0
Gámabjónusta.....	1.547.019	1.873.501
Öryggisgæsla og eftirlitsgjöld.....	56.818	82.739
Rafmagn.....	4.149.414	3.704.274
Tryggingar.....	822.943	998.275
Flutningskostnaður.....	0	14.031
Áhöld.....	44.577	286
Vinnufatnaður og þvottur.....	246.823	118.675
	<u>15.000.307</u>	<u>19.489.778</u>
<b>Rekstur hafnsögubáts</b>		
Olía .....	106.396	691.682
Rafmagn.....	118.865	175.304
Tryggingar.....	1.047.676	1.051.478
Öryggisgæsla.....	82.817	119.579
Viðhald skips.....	917.615	2.700.883
Annar kostnaður.....	815.593	1.037.352
	<u>3.088.962</u>	<u>5.776.278</u>
<b>Rekstur hafnahúss</b>		
Rafmagn og hiti.....	469.338	262.265
Vátryggingar.....	86.402	81.864
Öryggisgæsla og eftirlitsgjöld.....	0	184.531
Viðhald og viðgerðir.....	50.860	34.032
Fasteignagjöld.....	578.456	758.438
Annar kostnaður.....	76.716	63.448
	<u>1.261.772</u>	<u>1.384.578</u>

## Sundurliðanir

	2014	2013
<b>Rekstur bifreiðar</b>		
Eldsneyti og smurning.....	169.493	249.782
Viðhald og viðgerðir.....	169.405	191.354
Tryggingar.....	183.118	198.311
	<u>522.016</u>	<u>639.447</u>
<b>Rafmagn og vatn til endursölu</b>		
Rafmagn .....	2.908.436	3.953.398
Vatn.....	743.033	496.870
	<u>3.651.469</u>	<u>4.450.268</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Sími og netþjónusta.....	779.230	707.001
Póstburðargjöld.....	61.092	20.215
Auglýsingar.....	856.069	4.057.550
Bækur, blöð og tímarit.....	219.835	55.556
Pappír, prentun og ritföng.....	70.149	81.807
Skrifstofuáhöld og búnaður.....	487.561	178.308
Ferðakostnaður.....	304.459	0
Kaffikostnaður.....	159.567	80.207
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð.....	290.671	265.535
Önnur aðkeypt þjónusta .....	425.914	1.812.814
Árgjald til hafnarsambandsins.....	387.400	247.377
Hlutdeild í skrifstofukostnaði.....	2.910.000	2.785.000
Styrkir.....	247.050	237.699
Þjónustugjöld banka.....	76.828	72.281
Hafnardagar.....	1.265.541	1.870.352
Viðhaldskostnaður.....	3.834	6.371
Annað ósundurliðað.....	150.620	33.625
	<u>8.695.820</u>	<u>12.511.698</u>